

From: Bergur Sigurjónsson [<mailto:bergur.sigurjonsson@irr.is>]

Sent: 15. september 2016 14:14

To: Sveitarfélög <Sveitarf0xL182zl0xL194zg@fjr.stjr.is>

Subject: Framlög vegna stuðnings við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda

Þann 13. apríl sl. undirrituðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga nýtt samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Samkomulagið gildir frá 2016 til 2018. Á grundvelli samkomulagsins veitir ríkissjóður árlega framlag að fjárhæð 520 m.kr. í Jöfnunarsjóð sem annast úthlutanir til sveitarfélaga á grundvelli sérstakra reglna sem innanríkisráðherra hefur sett.

Meðfylgjandi eru undirritaðar reglur vegna framlaga til sveitarfélaga og áætlun framlaga fyrir skólaárið 2016-2017. Reglurnar voru samdar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þær eru uppfærsla á þeim reglum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga vann eftir vegna fyrra samkomulags um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Úrvinnsla umsókna á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglnanna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur nú farið fram hvað þá nemendur varðar er stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi. Úthlutanir framlaga til sveitarfélaga taka mið af innrituðum fjölda nemenda og því námi sem stundað er, samkvæmt því sem fram kemur í umsókn sveitarfélagsins, að teknu tilliti til viðmiðunarfjárhæða Jöfnunarsjóðs.

Meðfylgjandi reglur fella úr gildi eldri reglugerð nr. 23/2013 um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar á tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

Jöfnunarsjóður vill sérstaklega benda á 7. gr. nýju reglnanna um framlög vegna nemenda á grunnstigi og nemenda á miðstigi í hljóðfæragreinum sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags. Umsóknir á grundvelli 7. gr. skulu berast sjóðnum fyrir 1. október en eyðublað vegna umsókna má finna á heimasíðu sjóðsins <http://www.jofnunarsjodur.is/eydublod>.

Fyrir hönd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga,
Bergur Sigurjónsson



Bergur Sigurjónsson, Sérfræðingur / Special Adviser

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga / Local Governments' Equalization Fund

Skrifstofa sveitarfélaga og réttinda einstaklinga / Department of Local Government and Human Rights

Innanríkisráðuneyti / Ministry of the Interior

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími/Tel: +(354) 545 9000

innanrikisraduneyti.is / [Fyrirvari/Disclaimer](#)